BYGGÐASTOFNUN
Sauðármýri 2
550 Sauðárkróki
Sími 455 54 00
postur@byggdastofnun.is

# Árshlutareikningur Byggðastofnunar janúar-júní 2023

Árshlutareikningur Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar-júní 2023, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 29. ágúst 2023.

Hagnaður tímabilsins nam 285,2 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall í lok júní skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 20,94%.

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.Byggðastofnun annast framkvæmd laga um póstþjónustu og að hafa eftirlit með póstþjónustu eins og nánar er kveðið á um í lögum um það efni.

## Helstu niðurstöður úr árshlutareikningi Byggðastofnunar janúar - júní 2023

- Hagnaður tímabilsins nam 285,2 milljónum króna.
- Eiginfjárhlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 20,94% en skal að lágmarki vera 8%.
- Hreinar vaxtatekjur voru 557 milljónir króna eða 39,4% af vaxtatekjum, samanborið við 347 milljónir króna (30,3% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur á sama tímabili 2022.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 326 milljón króna samanborið við 291 milljón árið 2022.
- Eignir námu 23.813 milljónum króna og hafa hækkað um 9 milljónir frá árslokum 2022. Þar af voru útlán 20.244 milljónir samanborið við 19.748 milljónir í lok árs 2022.
- Skuldir námu 19.832 milljónum króna og lækkuðu um 294 milljónir frá árslokum 2022.

## Horfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja á landsbyggðinni.

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Arnar Már Elíasson, forstjóri í síma 455 5400 eða á netfanginu arnar@byggdastofnun.is

## Lykiltölur úr uppgjöri og samanburður við fyrri ár

| | 30.6.2023 | 2022 | 30.6.2022 | 2021 | 30.6.2021 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. |
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | |
| Vaxtatekjur | 1.412.457 | 2.307.323 | 1.147.513 | 1.568.767 | 774.897 | 1.327.669 |
| Vaxtagjöld | 855.328 | 1.509.810 | 800.330 | 1.008.429 | 502.835 | 805.812 |
| *Hreinar vaxtatekjur* | *557.129* | *797.513* | *347.183* | *560.338* | 272.062 | *521.857* |
| Rekstrartekjur | 331.811 | 617.296 | 303.759 | 570.837 | 269.720 | 643.008 |
| *Hreinar rekstrartekjur* | *888.939* | *1.414.809* | *650.942* | *1.131.175* | 541.782 | *1.164.865* |
| Rekstrargjöld | 603.741 | 1.040.620 | 488.712 | 963.872 | 442.372 | 1.226.676 |
| **Hagnaður (-tap) ársins** | **285.199** | **374.189** | **162.230** | **167.303** | **99.410** | **-61.811** |
| Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbr. hlutafjár | | | | | | |
| Framl. í afskriftarr. útlána og matsbr. hlutaf. | 71.894 | 105.562 | 2.134 | 134.913 | 13.240 | 298.032 |
| **Efnahagsreikningur** | **30.6.2023** | **31.12.2022** | **30.6.2022** | **31.12.2021** | **30.6.2021** | **31.12.2020** |
| **Eignir** | | | | | | |
| Handbært fé | 1.254.727 | 1.686.337 | 11.367.023 | 1.117.627 | 1.006.525 | 1.165.407 |
| Útlán til viðskiptavina | 20.244.030 | 19.747.754 | 19.370.361 | 18.625.315 | 17.361.135 | 16.834.885 |
| Fullnustueignir | 50.010 | 60.010 | 145.010 | 320.010 | 245.010 | 270.010 |
| Markaðsskuldabréf | 297.053 | 282.757 | 303.611 | 0 | 0 | 0 |
| Veltuhlutabréf | 252.828 | 252.824 | 356.164 | 357.899 | 357.928 | 353.283 |
| Hlutdeildarfélög | 916.354 | 907.860 | 793.346 | 739.368 | 733.607 | 699.594 |
| Viðskiptakröfur | 4.009 | 78.389 | 39.277 | 57.993 | 73.642 | 124.489 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 793.973 | 806.150 | 818.552 | 831.179 | 843.538 | 837.284 |
| **Eignir samtals** | **23.812.983** | **23.822.081** | **23.193.345** | **22.049.391** | **20.621.384** | **20.284.952** |
| **Skuldir og eigið fé** | | | | | | |
| Lántökur og skuldabréfaútgáfur | 18.910.186 | 19.290.410 | 18.807.030 | 18.159.786 | 16.646.852 | 16.788.799 |
| Óráðstöfuð framlög | 709.891 | 681.468 | 718.413 | 442.533 | 566.776 | 241.587 |
| Aðrar skuldir | 211.932 | 154.427 | 184.084 | 125.485 | 154.062 | 100.281 |
| **Skuldir samtals** | **19.832.009** | **20.126.305** | **19.709.527** | **18.727.803** | **17.367.690** | **17.130.667** |
| Eigið fé | 3.980.974 | 3.695.776 | 3.483.817 | 3.321.587 | 3.253.694 | 3.154.284 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **23.812.983** | **23.822.081** | **23.193.345** | **22.049.391** | **20.621.384** | **20.284.952** |
| **Sjóðstreymi** | **30.6.2023** | **2022** | **30.6.2022** | **2021** | **30.6.2021** | **2020** |
| Handbært fé (-til) frá rekstri | 221.848 | 504.675 | 86.590 | 479.647 | 141.555 | 368.640 |
| Fjárfestingarhreyfingar | -64.722 | -533.630 | -589.119 | -1.822.730 | -482.007 | -2.855.602 |
| Fjármögnunarhreyfingar | -588.737 | 597.665 | 751.925 | 1.295.304 | 181.570 | 3.177.690 |
| *Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé* | *-431.610* | *568.710* | *249.396* | *-47.780* | -158.882 | *690.727* |
| Handbært fé í ársbyrjun | 1.686.337 | 1.117.627 | 1.117.627 | 1.165.407 | 1.165.407 | 474.679 |
| **Handbært fé í árslok/lok tímabils** | **1.254.727** | **1.686.337** | **1.367.023** | **1.117.627** | **1.006.525** | **1.165.407** |
| Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki | 20,94% | 19,72% | 19,02% | 18,17% | 19,19% | 19,12% |